

Umsögn

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
Efni: Tillaga um að opinberri birtingu fjárhagsáætlana verði flýtt

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að opinberri birtingu fjárhagsáætlana verði flýtt, dags. 19. nóvember 2020. Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að efni fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025 verði sent Kauphöll Íslands um leið og borgarráð hefur ákveðið að vísa efni áætlanna formlega til borgarstjórnar. Fyrirhugað er að gera slíkt 27. nóvember n.k. Hingað til hafa borgarráðsfulltrúar og áheyrnarfulltrúar í borgarráði fengið kynningu á drögum fjárhagsáætlanna áður en það fer til opinberrar birtingar. Ekki allir borgarfulltrúar sitja í borgarráði og þurfa þeir fulltrúar að halda trúnaði þangað til að trúnaður afléttist af gögnunum. Ferlið hefur verið þannig að fjármála- og áhættustýringarsvið sendir Kauphöll Íslands upplýsingar fjárhagsáætlanna sem birtar eru á upplýsingavef Kauphallarinnar samtímis kynningu borgarstjóra á fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í borgarstjórn. Á borgarstjórnarfundinum afléttist trúnaður á gögnunum. Miðað við núverandi skipulag á sá borgarstjórnarfundur sér stað fjórum dögum eftir framlagningu fjárhagsáætlunarinnar í borgarráði. Erfitt er fyrir þá sem eiga einn fulltrúa úr sínum flokki í borgarráði og borgarstjórn að setja sig að fullu inn í efni fjárhagsáætlanna á þeim stutta tíma sem um ræðir. Fyrirhugað er að kynningar á efni fjárhagsáætlanna fari fram í borgarráði 26.-27. nóvember og verði síðan ræddar í fyrri umræðu og gerðar opinberar á fundi borgarstjórnar þann 1. desember. Því er lagt til að efni fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025, þar með talið tillögur um tekjur og mögulegar lántökur ásamt greinargerðum sem þeim fylgja verði sendar Kauphöll Íslands á sama tíma og þær hafa verið afgreiddar úr borgarráði. Þetta er lagt til svo að Reykvíkingar allir geti með virkari og gegnsærri hætti komið að vinnslu ætlunarinnar.“

Umsögn

Þar sem Reykjavíkurborg er útgefandi skuldabréfa á markaði og fer með þeim hætti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, ber borginni að fara að lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 um birtingu og miðlun innherjaupplýsinga. Við framlagningu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlun eru lagðar fram ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um rekstur og stöðu borgarinnar, ásamt sýn borgarstjórnar og áformum til næstu ára og birtast með þeim hætti upplýsingar sem varða 122. gr. laganna um *upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga*.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um framlagningu fjárhagsáætlunar. Samkvæmt 62. gr. laganna kemur fram að fjárhagsáætlun skuli leggja fram eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fram kemur:

„Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.“

Hjá Reykjavíkurborg hefur um árábil verið hefð fyrir því að fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára er lögð fram í borgarráði í lok október mánaðar. Frumvarp að fjárhagsáætlunin er kynnt með ítarlegum hætti á fundi borgarráðs bæði heildstætt, sem og áætlanir einstakra sviða og B-hluta fyrirtækja borgarinnar. Að loknum kynningum er áætluninni vísað til umræðu í borgarstjórn ásamt tillögum sem snúa að forsendum frumvarpsins, svo sem álagningarhlutföllum skatta og gjaldskrár, sem þarf að afgreiða á fyrri fundi borgarstjórnar. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun hefur iðulega farið fram á fyrri fundi borgarstjórnar í nóvember mánuði og síðari umræða á fyrri fundi borgarstjórnar í desember. Með þeim hætti hafa liðið 4 til 5 vikur á milli umræðna. Hefur það gefið borgarfulltrúum góðan tíma til þess að kynna sér efni frumvarpsins fyrir síðari umræðu og undirbúa eftir atvikum tillögur til breytinga á efni þess.

Hefð hefur verið fyrir því um árábil að leggja fram frumvarp Reykjavíkurborgar að fjárhagsáætlun í borgarráði sem trúnaðarmál og birta það síðan í Kauphöll sama dag eða við upphaf fyrri umræðu í borgarstjórn. Frumvarpið er með þeim hætti lagt fram á fimmtudegi og fimm dögum síðar fer fram fyrri umræða í borgarstjórn. Borgarfulltrúar geta lagt fram breytingatillögur um forsendur frumvarpsins sem til samþykktar eru við fyrri umræðu allt þar til fundur borgarstjórnar hefst. Að þessu sinni var frumvarpið, gögn þess og allar tillögur gerðar aðgengilegar fulltrúum og áheyrnarfulltrúum borgarráðs á miðvikudegi eða daginn fyrir framlagningu í borgarráði í þeim tilgangi að bæta upplýsingagjöf og aðgengi að gögnum enn frekar en áður. Þegar fundur borgarstjórnar er boðaður á föstudegi er frumvarpið og gögn þess gert öðrum borgarfulltrúum í borgarstjórn aðgengilegt.

Ljóst er að um leið og frumvarp Reykjavíkurborgar að fjárhagsáætlun er birt skapast um það fjölmiðlaumræða. Frumvarp borgarinnar er umfangsmikið, gögn þeirra ítarleg og kynningar lagðar fram á löngum fundum nokkrum dögum fyrir framlagningu í borgarstjórn. Það er að mati fjármála- og áhættustýringarsviðs mikilvægt að borgarfulltrúar fái ráðrúm og tíma til þess að kynna sér efni frumvarpsins í nokkra daga áður en það er gert opinbert. Borgarfulltrúar sem fara með stjórn borgarinnar og fyrstu varaborgarfulltrúar í hverjum stjórnmalaflokki sem sæti á í borgarstjórn eru allflestir skráðir sem fruminnherjar hjá Reykjavíkurborg og geta með þeim hætti tekið þátt í undirbúningi að tillögugerð fyrir fyrri umræðu um frumvarpið í borgarstjórn.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.